

Reglur um félagsaðild í launalausum leyfi og fleira Samþykkt í stjórn KÍ 17. febrúar 2012

4. grein laga KÍ

Stjórn KÍ er heimilt að veita félagsmönnum í launalausum leyfi félagsaðild enda stundi þeir ekki aðra launaða vinnu eða sjálfstæðan atvinnurekstur. Stjórn KÍ skal setja nánari reglur um félagsaðild samkvæmt þessari grein.

Reglur um félagsaðild í launalausum leyfi samþykktar af stjórn KÍ 17. febrúar 2012:

Félagsaðild í launalausum leyfi vegna náms

Félagsmaður í Kennarasambandi Íslands sem fer í launalaust leyfi getur sótt um aðild að KÍ á meðan leyfið varir, eitt ár í senn. Enginn getur fengið aðild að KÍ samkvæmt reglum þessum lengur en í tvö ár samfellt.

Skilyrði fyrir félagsaðild er að einstaklingur sé í formlegu námi sem er staðfest af viðkomandi skóla. Jafnframt þarf að liggja fyrir staðfesting vinnuveitanda um að viðkomandi sé í launalausum leyfi.

Til að tryggja að ekki verði rof í aðild félagsmannsins þarf umsóknin að berast í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að launalaust leyfi hefst. Ef umsókn berst eftir þau tímamörk er ekki hægt að tryggja að ekki verði rof á félagsaðild í félagaskrá. Heimilt að veita umsækjanda aðild frá næstu mánaðarmótum eftir að tilskilin gögn hafa borist til KÍ.

Til þess að félagsaðild verði virk verður viðkomandi að greiða kr. 12.000 á ári í félagsgjald fyrir þá sem eru í árs leyfi, en hlutfall af því sé um styttra leyfi að ræða.

Félagsaðild í launalausum leyfi í kjölfar fæðingarorlofs

Félagsmenn geta sótt um félagsaðild í launalausum leyfi í kjölfar fæðingarorlofs, hafi þeir verið félagsmenn á meðan á fæðingarorlofinu stóð. Slík félagsaðild getur varað út skólaárið eða að hámarki eitt ár. Greiða þarf kr. 1.000 fyrir hvern mánuð sbr. áður nefnt ákvæði um greiðslu.

Félagsaðild í launalausum leyfi vegna foreldraorlofs

Félagsmenn í foreldraorlofi geta sótt um félagsaðild. Greiða þarf kr. 1.000 fyrir hvern mánuð sbr. áður nefnt ákvæði um greiðslu.

Félagsaðild í kjölfar atvinnuleysisbóta

Félagsmaður sem fellur út af atvinnuleysisbótum þegar hann fer í nám getur sótt um félagsaðild. Greiða þarf kr. 1.000 fyrir hvern mánuð sbr. áður nefnt ákvæði um greiðslu.

Félagsaðild í kjölfar biðlauna

Félagsmaður sem fer í nám í kjölfar biðlauna getur sótt um félagsaðild. Greiða þarf kr. 1.000 fyrir hvern mánuð sbr. áður nefnt ákvæði um greiðslu.

Félagsaðild þeirra sem þiggja listamannalaun

Félagsmaður sem er í launalausum leyfi og þiggur listamannalaun getur sótt um félagsaðild að því aðildarfélagi KÍ sem hann var í fyrir töku leyfisins. Með aðild að Kennarasambandi Íslands skuldbindur hann sig til að standa skil á eftirtöldum samningsbundnum gjöldum til KÍ sem reiknast af þeirri upphæð sem listamannalaunin eru:

Endurmenntunarsjóður 1,72% miðað við föst mánaðarlaun í dagvinnu.

Orlofssjóður 0,25% (0,50% leikskóli) miðað við heildarlaun.

Námsleyfasjóður 1,30% miðað við föst mánaðarlaun í dagvinnu.

Fjölskyldu og styrktarsjóður 0,75% (0,55% grunnskóli) miðað við heildarlaun.

Félagsgjald KÍ 1% miðað við föst mánaðarlaun í dagvinnu.

Félagsaðild lífeyrisþega annarra en eftirlauna

Félagsmenn sem hætta störfum og þiggja lífeyrisgreiðslur af einhverju tagi, aðrar en eftirlaun, geta haldið áfram félagsaðild með sömu réttindum og gilda um félagsmenn FKE enda stundi þeir ekki aðra launaða vinnu á meðan. Halda skal sérstaka skrá yfir þá sem eiga aðild að KÍ samkvæmt reglu þessari.

Stjórn KÍ veitir formanni KÍ umboð stjórnar til að afgreiða umsóknir um félagsaðild í samræmi við fyrrgreindar samþykktir án þess að bera hverja og eina umsókn undir stjórnarfund, en engu að síður verði stjórnin upplýst um afgreiðslu mála öðru hverju.